



Reykjavík, 8. nóvember 2007
2007110007
90.6

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vegna frumvarps til laga um breytingar ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks

Starfshópur um forvarnir í Reykjavík vill koma á framfæri athugasemdum vegna frumvarpsins og lýsa áhyggjum sínum vegna þess. Í samsræðshópnum sitja fulltrúar Velferðarsviðs, Menntasviðs, Leikskólasviðs og Íþrótt- og tómsundasviðs.

Meðal verkefna hópsins er að hafa yfirsýn, tryggja markvisst forvarnarstarf á vegum borgarinnar og hafa eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnu borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði í des. 2005.

Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar nær til allra barna á aldrinum 0 -20 ára, foreldra þeirra og allra sem að málefnum þeirra og uppeldi koma. Leiðarljós stefnunnar er að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd.


Rannsóknir og reynsla þjóða, sem aukið hafa aðgengi að áfengi, sýna aukna neyslu. Því vill hópurinn skora á þá þingmenn sem eru fylgjandi frumvarpinu að endurskoða afstöðu sína og setja hagsmuni barna og ungmenna í forgang, ekki síst þeirra sem standa höllum fæti. Íslendingar geta verið stoltir af því að neysla áfengis hefur dregist saman í efstu bekkjum grunnskóla. Þar koma til margir samverkandi þættir s.s samtakamáttur foreldra, aukin vitneskja fullorðinna og barna um mikilvægi þess að fresta því að drekka áfengi, aukið samstarf þeirra sem vinna að málefnum barna og ungmenna, aukið aðhald og eftirlit með börnum undir lögaldri o.fl. En betur má ef duga skal. Það er staðreynd að um leið og börn eru komin í framhaldsskóla eykst neyslan strax á fyrsta ári. Foreldrar framhaldsskólanema kalla eftir stuðningi hvað þetta varðar og er mikilvægt að finna flöt á samstarfi við framhaldsskólana. Sú staðreynd að börn eru börn skv. lögum til 18 ára aldurs kallar á aukna ábyrgð foreldra og samfélagsins.

Stuðningur ráðamanna er mikilvægur fyrir samfélagið allt. Ekki síst til að stuðla að því að ungt fólk temji sér heilbrigðan lífsstíl. Að koma í veg fyrir aukið frelsi í áfengismálum, getur haft afgerandi áhrif í lífi margra til hins betra og stuðlað að betri uppeldisaðstæðum fyrir fleiri börn. Auk þess sem það eru skýr skilaboð til samfélagsins um að hver einstaklingur skiptir máli og að hagsmunir barna og þeirra sem minna meiga sín eru settir ofar öðrum hagsmunum.

Hópurinn tekur undir og fagnar ályktun Velferðarráðs Reykjavíkur á fundi dags. 29. október sl. þar sem ráðið m.a. varar við hugmyndum um aukið frelsi í áfengissölu.

Með vinsemd og virðingu

Fh. Samstarfshóps um forvarnir í Reykjavík



Stefania Sörheller, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Aðrir í Samstarfshópnum eru:

Hervör A. Árnadóttir, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Ingibjörg Sigurþórsdóttir, Þjónustumiðstöðinni Miðgarði

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur

Hrund Logadóttir, Menntasviði Reykjavíkur

Sigríður Marteinsdóttir, Leiksólasviði Reykjavíkur

P.S.

Að lokum skal hér bent á rannsóknir þessu tengt:

[1] Alþjóða heilbrigðisstofnunin (2002) *The World Health Report 2002*

[2] Babor, T. og fleiri (2003). *Alcohol: No Ordinary Commodity*. Oxford - New York, Oxford University Press

[3] Ashe, M., D. Jernigan, R. Kline, R. Galaz (2003) Land use planning and the control of alcohol, tobacco, firearms, and fast food restaurants *American Journal of Public Health* 93(9) bls 1404-1408

[4] Österberg, E. og Karlsson, T. (2002) Alcohol policies in the ECAS countries, 1950-2000 í Thor Norström (Ritsj.) *Alcohol in Postwar Europe* bls. 11-48. Stokkhólmur, National Institute of Public Health

[5] Wagenaar, A. C. og Holder, H. D. (1995) Changes in alcohol consumption resulting from the elimination of retail wine monopolies: Result from five U.S. states. *Journal of Studies on Alcohol* 56, 566-72

[6] Mäkelä, P. og fleiri (2002) Who Drinks more and less when policies changes? The evidence from 50 years of Nordic studies *NAD Publication* 42, 17-70

[7] Wagenaar, A. C. og Toomey, T. L. (2000) Alcohol Policy: gaps between legislative action and current research.